

Umsókn um viðskiptakort hjá SORPU bs.



Nafn		Kennitala			
Heimilisfang		Póstnúmer			
Netfang	Sími	Farsími			
Nafn þess sem óskar eftir korti					
Fjöldi korta	* Fyllist út af SORPU - Kortanúmer				
Athugasemd					
Vinsamlegast merkið við afhendingamáta korts.					
Sótt á vigt Gufunesi		Sótt á vigt Álfsnesi		Sent í pósti	
Ég hef kynnt mér skilmála SORPU og ég samþykki að SORPA kynni sér viðskiptastöðu mína/fyrirtækisins í skrá CreditInfo					
Stimpill/undirskrift/dagsetning viðskiptamanns			Stimpill/undirskrift/dagsetning SORPU		
⇒ Vinsamlegast prentið út í tvíriti og sendið bæði eintökin undirrituð til SORPU bs.					

SKILMÁLAR

- UMSÓKN - SAMÞYKKI.**
Undirritun viðskiptamanns á umsókn um viðskiptakort við SORPU b.s. er um leið staðfesting hans á því, að hann muni hlíta þeirri gjaldskrá og þeim viðskiptaskilmálum sem gilda hjá SORPU. Umsóknir fyrirtækja, stofnana og félaga skulu undirritaðar af þeim, sem rétt hafa til að skuldbinda umsækjandann. SORPA getur krafist þess, að viðskiptamaður setji tryggingar fyrir greiðslu gjalds fyrir móttöku úrgangs.
- NOTKUN KORTS.**
Með notkun korts er losun úrgangs, tegund og þyngd staðfest í viðskiptakerfi SORPU bs. Á grundvelli þessara upplýsinga er gerður reikningur á viðkomandi viðskiptamann.
- GJALDDAGI GREIÐSLU.**
SORPA sendir viðskiptamönnum greiðsluseðil/reikninga eigi síðar en 10. hvers mánaðar vegna móttöku úrgangs í fyrra mánuði. Gjaldldagi reiknings er útgáfudagur hans. Eindagi reiknings er síðasti virki dagur mánaðar eftir gjalddaga reiknings. Ef reikningur greiðist ekki innan eindaga, reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá gjalddaga reiknings.
- ATHUGASEMDIR VIÐ REIKNINGA.**
Hafi viðskiptamaður ahugasemd við útsendan rreikning skv. lið 3, skal hann án tafar tilkynna um það til skrifstofu SORPU og gera grein fyrir athugasemdum sínum. Verði aðilar ekki á eitt sáttir, getur SORPA girt fyrir frekari afnot af viðskiptakorti viðkomandi viðskiptamanns uns mál er til lykta leitt, eða ákveðið óbreytta notkun kortsins, þótt ágreiningur um einstakan reikning sé óleystur, enda standi viðskiptamaður í skilum með aðrar greiðslur.
- LOK VIÐSKIPTA.**
Viðskiptamaður getur sagt upp samningi um notkun viðskiptakorts án fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg, nema viðskiptaskorti sé skilað til SORPU. Greiði viðskiptamaður ekki útsenda reikninga vegna viðskipta sinna og sinni ekki greiðslutilmælum, getur SORPA einhliða og án frekari fyrirvara girt fyrir áframhaldandi notkun viðskiptakorts hans, þegar vanskil hafa staðið í 2 mánuði, eða fyrr ef um ítrekuð vanskil er að ræða. Ef viðskiptamaður verður uppvís að misnotkun viðskiptakorts er án fyrirvara girt fyrir notkun kortsins. Stjórn SORPU getur jafnan ákveðið einhliða að hætta eða breyta skilmálum um notkun viðskiptakorta.
- GLATAÐ KORT - ÁBYRGÐ VIÐSKIPTAMANNS**
Viðskiptamaður, sem fengið hefur viðskiptakort, ber ábyrgð á notkun þess og greiðslum fyrir móttöku alls úrgangs, sem afhentur er SORPU með framvísun kortsins.
Glatist kort, skal rétt hafi þess tilkynna það strax til skrifstofu SORPU í tölvupósti eða á annan tryggan hátt, til þess að firra sig frekari ábyrgð á notkun þess. Sækja þarf sérstaklega um nýtt viðskiptakort.